

*Vidauki með samningi mennta- og
menningarmálaráðuneytis og Háskólans á Akureyri*

4. júlí 2012



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
1.1	Lagaheimildir og forsendur.....	3
1.2	Samskiptahættir.....	3
1.3	Stefna Háskólans á Akureyri.....	3
2	Hlutverk og starfsemi Háskólans á Akureyri.....	4
2.1	Nám og kennsla.....	4
2.2	Deildir og námsbrautir.....	5
2.3	Mannauður.....	8
2.4	Rannsóknir.....	8
2.5	Nemendur.....	10
3.	Áherslur í daglegu starfi.....	11
3.1.	Samvinna og samkeppni.....	11
3.2.	Tengsl við atvinnulíf og samfélag.....	11
3.3.	Alþjóðlegt starf.....	11
3.4	Þverfaglegt starf.....	12
3.5	Nýsköpun og tækniþróun.....	13
4	Innra starf og gæðastýring.....	13
4.2.	Þjónusta og aðbúnaður.....	14
4.3.	Síðferði, sjálfbærni og ábyrgð.....	14
5.	Stjórnun, skipulag og fjármál.....	15
5.1	Stjórnun og skipulag.....	15
5.2	Fjármál.....	15
6.	Megináherslur og markmið til 2015.....	16
7.	Samstarf, upplýsingagjöf, lykiltölur og aðgangsviðmið.....	19
7.1	Samstarf.....	19
7.2.	Upplýsingagjöf og lykiltölur.....	19
7.3	Aðgangsviðmið.....	19
7.4	Frjáls hugbúnaður.....	20
8.	Viðaukar.....	20
8.1	Námsbrautir og prófgráður við HA.....	20
8.2	Samstarfsskólar.....	21
8.3	Styrkur skólans í rannsóknum.....	21
8.4	Styrkur skólans í kennslu.....	21
8.5	Lykiltölur.....	21

1 Inngangur

Viðauki þessi við samning Háskólans á Akureyri við mennta- og menningarmálaráðuneytið lýsir helstu þáttum í starfsemi Háskólans á Akureyri og þeim áherslum sem skólinn sjálfur vill leggja fram.

Viðauki þessi er umræðugrundvöllur ráðuneytis og Háskólans á Akureyri en mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki tekið formlega afstöðu til þeirra þátta sem hér koma fram og varða áherslur, áform og stefnu skólans.

Ráðuneytið og Háskólinn á Akureyri munu, á árinu 2012, vinna að sameiginlegum viðfangsefnum og skilgreina helstu markmið skólans og tengsl markmiðasetningar við lykiltölur (kaflar 7.2 og 8.5), frágangi skilgreininga á aðgangsviðmiðunum (kaflar 7.3 og 8.6) og nýtingu á frjálsum hugbúnaði í samræmi við stefnumótun stjórnvalda (kaflar 7.4 og 8.7).

Þegar því verki er lokið verður viðaukinn endurskoðaður og uppfærður.

1.1 Lagaheimildir og forsendur

Samkomulag þetta er hluti af gr. 1.4 í samningi aðila sem dagsettur er 4. júlí 2012. Viðaukinn mun að loknu samráðsferli ráðuneytis og háskólans kveða á um áherslur og sameiginleg markmið háskólans og ráðuneytisins, sbr. c-lið 21. gr. laga um háskóla nr. 63/2006. Samkomulagið hefur ekki áhrif á skyldur eða heimildir aðila samkvæmt lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

1.2 Samskiptahættir

Þær meginreglur munu gilda áfram í samskiptum ráðuneytis og HA að unnið sé í góðri trú og að traust ríki. Umfjöllun sé málefnalag og vinnulag einkennist af gegnsæi og skjótum viðbrögðum. Lögbundið sjálfstæði háskólans og hlutverk ráðuneytisins sé virt. Samvinna sé eftir föngum um lausn mála og hagsmuna nemenda gætt í hvívetna.

Ráðuneytið boðar til funda um þjónustusamninginn. Dagskrá funda skal liggja fyrir með fyrirvara, en á þeim skal meðal annars taka fyrir framkvæmd samnings og þessa samkomulags, forsendur og framvindu með tilliti til markmiða, áætlana um framkvæmd innra og ytra gæðamats ásamt eftirfylgni auk upplýsinga sem taka skal saman samkvæmt samningnum

1.3 Stefna Háskólans á Akureyri

Í þessum kafla samkomulagsins er lýst markvissri stefnumótun um framþróun í starfsemi háskólans þannig að hann þjóni sem best hlutverki sínu fyrir atvinnulíf og samfélag, í samræmi við stefnu skólans.

Hlutverk HA er að veita nemendum tækifæri til menntunar í metnaðarfullu og alþjóðlegu náms- og rannsóknarumhverfi. Háskólinn skapar fræðimönnum sínum umhverfi og aðstöðu til rannsókna og nýsköpunar sem stuðlar að vexti og framþróun íslensks samfélags og veitir inn í það nýjum straumum. Háskólinn leggur áherslu á gagnvirk tengsl við samfélagið.

Stefna HA er að vera framsækinn kennslu- og rannsóknarháskóli sem leggur áherslu á kennslu og rannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið. Lögð er áhersla á kennslu og rannsóknir sem tengjast íslensku samfélagi og atvinnulífi, auk þeirrar sérstöðu sem skólinn hefur á fræðasviðum tengdum norðurlóðum. Hann sinnir öfluggu grunnnámi á fræðasviðum sínum, býður upp á meistaranám á öllum sviðum og ætlar að fá heimild til að taka upp kennslu til doktorsgráðu á völdum sviðum í virku samstarfi við aðra háskóla innanlands og utan.

Þetta samkomulag skiptist upp í sex meginþætti hvað varðar málefni HA:

- Hlutverk og starfsemi
- Áherslur í daglegu starfi
- Innra starf og gæðastýring

- Stjórnun, skipulag og fjármál
- Markmið til næstu ára
- Upplýsingagjöf og samvinna

2 Hlutverk og starfsemi Háskólans á Akureyri

Hlutverk Háskólans á Akureyri er að veita nemendum tækifæri til menntunar í metnaðarfullu og alþjóðlegu náms- og rannsóknarumhverfi, skapa fræðimönnum sínum umhverfi og aðstöðu til rannsókna og nýsköpunar sem stuðlar að vexti og framþróun íslensks samfélags og veitir inn í það nýjum straumum. Háskólinn leggur áherslu á gagnvirk tengsl við samfélagið.

Í greinunum hér á eftir er stutt lýsing á skipulagi, starfsemi og almennum áherslum skólans.

2.1 Nám og kennsla

HA býður upp á fjölbreytt nám með áherslu á sjálfbærni og gagnkvæma yfirfærslu þekkingar milli háskólans og samfélagsins. Nemendur stunda staðar-, lotu- og fjarnám á grunn- og meistarastigi á öllum þremur fræðasviðum háskólans. Við HA er einnig sérstök starfseining, Símenntun Háskólans á Akureyri, sem býður endur- og símenntunarnámskeið sem eru opin öllum en oft með áherslu á sérstaka markhópa.

Við HA er kappkostað að bjóða nemendum jákvætt námsumhverfi sem er í senn styðjandi og krefjandi. Háskólinn leggur áherslu á persónuleg tengsl nemenda og starfsfólks og þá nálægð sem tiltölulega lítill skóli getur skapað. Góð samskipti eru á milli fræðasviða og deilda m.a. með samkennslu og áherslum á þverfaglegt nám og rannsóknir sem skila sér inn í kennsluna. Skólinn leggur sig sérstaklega fram við að nýta möguleikana sem felast í blönduðu og sveigjanlegu námi auk hefðbundins staðarnáms og beitir fjölbreyttum aðferðum við kennslu og samskipti til að ná því markmiði. Við HA er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, gagnrýna hugsun og nýjustu þekkingu á hverju fræðasviði. Námið er í góðum tengslum við störf á vettvangi og miðar að því að búa nemendur undir frekara nám eða virka atvinnuþátttöku í framtíðinni.

Gæðastarf HA byggir á lögum sem um háskólann gilda, reglum og samþykktum bæði háskólans og einstakra starfseininga. Ytri vefur HA er helsta upplýsingaveita háskólans um allt það sem viðkemur námi og kennslu fyrir nemendur og kennara og hefur hann vakið verðskuldaða athygli fyrir greinargóða framsetningu upplýsinga. Á vefnum eru svo dæmi séu tekin handbók nemenda þar sem m.a. er farið yfir réttindi þeirra og skyldur, síða með tenglum í lög og allar reglur sem um háskólann gilda, síða með tenglum í samþykktar stefnur og á einni síðu yfirlit um alla þjónustu sem nemendum og starfsfólki stendur til boða. Náms- og kennsluskrá HA sem eru á vefnum veita einnig frekari upplýsingar.

Nemendum gefst kostur á að láta í ljós álit sitt á námskeiðum háskólans og kennslu í námskeiðsmati sem er lagt fyrir við lok hvers misseris. Auk þess er lagt fyrir verulegra styttra miðmisserismat sem ætlað er kennurum svo þeir geti gert breytingar á kennslunni sem koma nemendum til góða á meðan námskeiðið stendur. Mikið hefur verið unnið á undanförunum árum til að bæta þátttöku nemenda í námskeiðsmatinu og er hún nú að nálgast það að vera 60 % á öllum fræðasviðum. Markvisst er unnið með niðurstöðurnar, m.a. í starfsmannasamtölum sem öllum starfsmönnum standa til boða og stefnt er að því að opna það meira og birta niðurstöður um fleiri þætti námskeiðsmatsins. Þessi vinna hefur farið fram í nánú samstarfi við nemendur.

Fjarkennsla, blandað- og sveigjanlegt nám gerir auknar kröfur til kennara og að þeim standi til boða stöðþjónusta og námskeið í kennslu- og upplýsingatækni. Starfsmönnum er reglulega boðið upp á fræðslu á örnámskeiðum og upp í heils dags fræðsludagskrár t.d. á kennaradögum fræðasviðanna. Nýtt og nýuppgerð húsnaði HA skapar ákjósanlegt námsumhverfi og góða umgjörð fyrir nám og kennslu. Þess hefur verið sérstaklega gætt að kennslustofur hafi nauðsynlegan tæknibúnað til þeirrar kennslu sem þar fer fram hvort sem um er að ræða tæknistudda kennslu, fjarkennslu eða verklegt nám.

Upplýsingakerfi HA hefur til þessa verið Stefanía og síðustu ár hefur kennslukerfið Moodle verið notað. Nú er verið að taka upp Uglu sem þróuð er af Reiknistofnun HÍ en Moodle verður notað áfram. Allir nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn munu hafa aðgang að Uglu sem er fjölþætt upplýsingakerfi með mikla möguleika sem innri vefur fyrir háskólann. Moodle hefur verið notað sem kennslukerfi til dreifingar efnis, vegna verkefnavinnu nemenda, til samskipta milli nemenda innbyrðis og nemenda og kennara auk þess sem það er

notað til prófahalds.

2.2. Deildir og námsbrautir

HA hefur viðurkenningu, á grunni laga nr. 63/2006, á þremur fræðasviðum: **Auðlindavísindum**, **félagsvísindum** og **heilbrigðisvísindum**. Á þeim forsendum rekur HA þrjú fræðasvið sem hvert skiptist í **akademískar deildir**.

Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið skiptist í þrjár deildir, **hjúkrunarfræði**, **iðjuþjálfunarfræði** og **framhaldsnámsdeild**. Grunnám til B.S. gráðu í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði er 240 ECTS einingar og tekur fjögur ár. Stefnt er að samnýtingu námsframboðs í grunnnáminu og nú þegar er töluvert um það sérstaklega fyrstu tvö árin, til dæmis við kennslu líffærafræði og lífeðlisfræði. Nám í hjúkrunar- og iðjuþjálfunarfræði tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins, jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli en þess er ávallt gætt. Iðjuþjálfunarfræði er einungis kennd á Íslandi við HA. Beita hefur þurft fjöldatakmörkunum í hjúkrunar- og iðjuþjálfunarfræði undanfarin ár, vegna skorts á námsplássum í klínísku námi. Fjöldatakmörkanir eru endurskoðaðar árlega. Gæði kennslu eru ávallt í brennidepli og þar sem fjarkennsla er mikil í grunnnámi á heilbrigðisvísindasviði er stefnt að því að nýta sem best þá stöðþjónustu sem mun verða fyrir hendi vegna samvinnu opinberu háskólanna. Stefnt er að meiri samvinnu við HÍ sem er þó nokkur nú þegar og má nefna nýtt verkefni um þróun námsefnis á myndformi um *öryggi í umysislu hjfa*. Kennsluefnið verður notað í báðum skólum, sem eykur gæði kennslu og dregur úr kostnaði, verkefnið er samnorraent.

Meistaránám í heilbrigðisvísindum er 120 ECTS einingar og byggir á þverfaglegum grunni. Það er byggt upp af 60 ECTS einingum í námskeiðum og meistararitgerð sem er 60 ECTS einingar að jafnaði. Stefnt er að því að fleiri framhaldsnemar velji sér sérsvið innan framhaldsnámsins og að nemendur velji sér námskeið sem undirbyggja sem best meistaraverkefni þeirra. Meistaraverkefni nemenda tengjast gjarna rannsóknarverkefnum kennara. Stefnt er að því að sem flestum verkefnum ljúki með birtingu ritrýndra fræðigreina. Samtals hafa 66 nemendur brautskráðst með meistaragráðu frá heilbrigðisvísindasviði HA og stefnt er að fjölgun meistaraneimenda.

Rannsóknarstarfsemi er öflug á heilbrigðisvísindasviði, kennarar sviðsins eru í rannsóknarsamstarfi við erlenda og innlenda fræðimenn og stefnt er að auknu erlendu og innlendu samstarfi á sviði rannsókna. Eitt af einkennum heilbrigðisvísindasviðs er að flestar rannsóknir eru unnar í þverfaglegum teymum innan sviðsins.

Auk þess vinna fræðimenn sviðsins með erlendum og innlendum rannsakendum á sínu sérsviði. Stefnt er að uppbyggingu doktorsnáms í heilbrigðisvísindum í samstarfi við erlenda og innlenda háskóla. Starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs eru nú 25 í 18,65 stöðugildum. Af þeim hafa átta lokið doktorsprófi og eru **sjö þeirra** í fullum stöðum og einn í 50% stöðu. Stefnt er að fjölgun starfsfólks með doktorspróf en þrír starfsmenn eru í doktorsnámi, þeir eru allir í fullum stöðum og tveir til viðbótar, í 50% stöðum, eru að hefja doktorsnám.

Viðskipta- og raunvísindasvið

Viðskipta- og raunvísindasvið býður upp á grunnnám til B.S. gráðu og rannsóknartengt framhaldsnám til M.S. gráðu. Sviðið skiptist í tvær deildir, **viðskiptadeild** og **auðlindadeild**. Styrkur sviðsins er fjölbreytt og þverfaglegt námsframboð. Sviðið hefur lagt sig fram um þróun fjarkennslu og býður fjarnám í öllum greinum. Samnýting námsframboðs beggja deilda með sambyli rekstrarfræði, hagfræði og stjórnunar við umhverfis- og náttúruvísindi, lífvísindi og sjávarútvegsfræði, gefur einstakt tækifæri til menntunar sem snýr að hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu auðlinda og mætir þannig þörfum samfélagsins fyrir vel menntaða einstaklinga á þessum sviðum. Sviðið hyggst styrkja þessa sérstöðu í náinni framtíð með virku samstarfi við atvinnulíf og samfélag, meðal annars með sterkri tengingu við norðurlódir. Sviðið hefur um langt skeið átt samstarf við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og hyggst halda því starfi áfram. Eins er stefnt að auknu samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða um meistaránám tengdu auðlindanýtingu og sjávarútvegi. Fjölbreytt og öflugt samstarf við aðra opinbera háskóla er í örri þróun og er ætlun sviðsins að auka með því framboð námskeiða og námsleiða til aukinna valkosta fyrir nemendur. Á sviðinu er rannsóknarvirgni kennara mikil og hið rannsóknartengda meistaránám er öflugur vettvangur þeirra í báðum deildum. Sambyli við þær opinberu rannsóknarstofnanir sem staðsettar eru á Borgum gefur sviðinu tækifæri til að bjóða nemendum víðari

sjóndeildarhring og nánd við öflugt rannsóknarstarf. Sviðið deilir nú sjö sérfræðingum með þessum stofnunum til kennslu og rannsókna. Á fræðasviðinu eru starfandi 27 kennarar í 22,4 stöðugildum.

Auðlindadeild

Auðlindadeild hefur markað sér þá sérstöðu í námsframboði háskóla á Íslandi að leggja áherslu á nám og rannsóknir í náttúruvísindum með sterkum tengslum við hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Námið tekur mið af því að skapa og miðla þekkingu á grunnforsendum nýtingar náttúruauðlinda með sjálfbærum hætti. Stefnt er að frekari styrkingu þessarar þverfaglegu nálgunar í námsframboði með aukinni áherslu á norðurslóðir. Bakgrunnur og styrkur námsframboðsins eru þær alþjóðlega virtu rannsóknir sem starfsmenn deildarinnar stunda með innlendum og erlendum samstarfsaðilum, stofnunum, háskólum og fyrirtækjum.

Námsbrautir deildarinnar eru tvær. Námsbraut í líftækni er einstök nálgun í námi við íslenska háskóla. Áherslusviðin eru umhverfis- og orkulíftækni, sjávarlíftækni og matvæli og grunnþekking á erfðauðlindum íslenskrar náttúru meðal annars með uppbyggingu örverustofnasafns úr ýmsum vistgerðum íslenskrar náttúru. Stefnt er að aukinni tengingu þessara viðfangsefna við norðurslóðir. Námsbraut í sjávarútvegsfræði er einnig einstök þverfagleg nálgun í námsframboði við íslenska háskóla sem útskrifar sjávarútvegsfræðinga með B.S. gráðu. Námið veitir staðgóða menntun sem gefur góðan þekkingargrunn til starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum. Um er að ræða samspil þekkingar á vistkerfum sjávar, veiðum og vinnslu og stjórnun, rekstri og auðlindanýtingu. Lagður hefur verið grunnur að auknum nemendafjölda á komandi árum og áframhaldandi virkum tengslum við fyrirtæki og stofnanir með nemendaverkefnum og rannsóknum.

Deildin býður rannsóknatengt meistaranám til MS gráðu í auðlindafræðum á sviðum umhverfis- og náttúruvísinda, líftækni og sjávarútvegsfræði. Stefnt er að eflingu þessa náms sem endurspeglar faglega sérstöðu deildarinnar. Ennfremur er stefnt að uppbyggingu doktorsnáms á þessum sviðum. Í framhaldsnáminu er lögð áhersla á öflugt samstarf við aðra háskóla, stofnanir og fyrirtæki. Núverandi samstarf við Háskólasetur Vestfjarða um meistaranám verður þróað áfram og aukið.

Viðskiptadeild

Viðskiptadeild býður grunnnám í viðskiptafræðum til B.S. gráðu á tveimur námslínunum. Á báðum línunum er lögð áhersla á almennt og hefðbundið viðskiptanám sem og menntun til stjórnunarstarfa þar sem fjallað er um stefnumótun, skipulagshæildir, mannaúts- og gæðastjórnun. Á námslínu stjórnunar og markaðsfræði er lögð sérstök áhersla á markaðsmál, meðal annars markaðsrannsóknir, boðmiðlun, kynningu og neytendahegðun. Á námslínu um stjórnun og fjármál er áherslan á menntun til að gegna ábyrgðarstöðum í fyrirtækjum með áherslu á fjármál fyrirtækja, verðmat og fjárfestingar, fjármálamarkaði, afleiður og alþjóðafjármál. Deildin kappkostar að bjóða alþjóðlega samkeppnishæfa menntun og tengist meðal annars Evrópuráði viðskiptamenntunar (ECBE) og er aðili að tengslanetinu *Ekoteknord*, sem tengir nítján háskóla á Norðurlöndunum. Stefnt er að eflingu þessara tengsla og öflugu gæðastarfi í samhljómi við nýsett gæðaviðmið háskólanna. Viðskiptadeild er fyrst deilda háskólans sem vinnur sjálfsmatsúttekt í þeirri röð gæðaúttekta sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur hrundið í framkvæmd.

Viðskiptadeild hefur lagt sig sérstaklega eftir því að bjóða öflugt fjarnám. Meirihluti nemenda deildarinnar stundar námið sem fjarnám og eru nemendur því staðsettir víðs vegar um landið með allstóran hluta á suðvesturhorninu. Lögð er áhersla á að stunda megi fjarnám með vinnu og er boðið upp á sérstaka fjarfundi um myndfundabúnað auk þess að kennslustundir eru teknar upp og dreift um lokaðan kennsluvef. Stefnt er að því að þessi sérstaða viðskiptanámsins eflist og verði áfram góður valkostur fyrir nemendur um land allt.

Deildin býður rannsóknartengt meistaranám til M.S. gráðu í viðskiptafræðum. Stefnt er að eflingu þessa náms sem mun byggja á sérsviðum og öflugu rannsóknarstarfi kennara deildarinnar og er lögð áhersla á öflugt samstarf við aðra háskóla, stofnanir og fyrirtæki. Meðal áherslusviða má telja fjármálamarkaði, ferðaþjónustu, alþjóðastofnanir, vinnumarkaðs- og sveitastjórnarmál, byggðarannsóknir og sjávarútvegsfélur þar sem starfsmenn deildarinnar hafa verið stjórnvöldum til ráðgjafar um framtíðarskipulag og stjórnun. Stefnt er að því að þessi vettvangur muni geta laðað að sér öfluga einstaklinga til framhaldsnáms í samstarfi við stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki.

Hug- og félagsvísindasvið

Hug- og félagsvísindasvið býður upp á grunnnám til B.A. og B.Ed. gráðu og framhaldsnám til M.A., M.Ed., M.L. og LL.M. gráðu. Sviðið skiptist í þrjár deildir, **félagsvísindadeild**, **kennaradeild** og **lagadeild**. Innan þess er einnig starfrækt Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Hlutverk hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði og menntavísindum. Sviðið tekur á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunda nám við Háskólann á Akureyri, enda er kennt á ensku í allmörgum námskeiðum auk þess sem á sviðinu eru vistuð sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema. Nemendur úr öllum deildum sviðsins stunda skiptinám við erlenda og innlenda háskóla.

Fjölbreyttar rannsóknir eru stundaðar á hug- og félagsvísindasviði og eiga kennarar og sérfræðingar í samstarfi við fjölmarga aðila innanlands og erlendis. Nánari upplýsingar koma fram í kafla 2.4. um rannsóknir. Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar eru fastur þáttur í starfi hug- og félagsvísindasviðs.

Akademísk stöðugildi við hug- og félagsvísindasvið eru 34 og þar við bætast starfsmenn Miðstöðvar skólaþróunar og skrifstofu sviðsins. Eftir flutninga á miðju ári 2010 er vinnuástaða fastra starfsmanna öll á Sólborg. Auk fastra starfsmanna kemur að starfi sviðsins fjöldi stundakennara að viðbættum leik- og grunnskólakennurum víðs vegar um land sem taka að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Félagsvísindadeild

Félagsvísindadeild býður upp á B.A. nám til 180 eininga í fjölmiðlafræði, nútímafræði, sálfræði og félagsvísindum, með áherslusviðum í samstarfi við aðra opinbera háskóla. Námið felur í sér fjölþjóðlegar tengingar og kennt er bæði á íslensku og ensku. Frá haustinu 2011 hefur verið boðið upp á fjarnám í öllum greinunum. Ennfremur býður félagsvísindadeild upp á rannsóknartengt meistaranám til 120 eininga.

Deildin leggur áherslu á að bjóða vandað grunnnám sem felur í sér þverfaglega nálgun og fjölbreytni í námsvali. Hún kostar kapps við að tryggja gæði og þróa kennslufræði og kennslutækni blandaðs og sveigjanlegs náms. Deildin vill jafnframt auka námsframboð á meistarastigi á næstu árum, enda eru akademískir innviðir hennar sterkir.

Kennaradeild

Kennaradeild býður upp á 180 eininga grunnnám í kennarafræði til B.Ed. prófs og 120 eininga framhaldsnám í menntunarfræði til M.Ed. prófs. Námið er skipulagt sem heildstætt fimm ára kennaranám í ljósi núgildandi laga um menntun leik- grunn- og framhaldsskólakennara. Nemendur með margvíslega grunnmenntun geta þó innritast í M.Ed. námið, sem ætlað er þeim sem hafa lokið bakkalárprófi, meistaraþrófi eða sambærilegu háskólaþrófi í kennslugrein eða á fagsviði grunn- og framhaldsskóla. Markmið þess er að mennta nemendur í uppeldis- og kennslufræði og búa þá undir að takast á við störf í skólakerfinu jafnframt því að auka hæfni þeirra til þess að stunda frekara nám.

Kennaradeild býður einnig upp á 120 eininga meistaranám til M.A. prófs í menntavísindum og viðbótarnám á meistarastigi. Námið er ætlað kennurum og öðrum sem vilja mennta sig til starfa í menntakerfinu sem krefjast framhaldsmenntunar og auka þekkingu sína á núverandi starfi, ásamt því að bæta við hæfni sína til að stunda frekara nám eða leggja stund á rannsóknir. Áherslusvið taka til lestrarfræði, námskrár- og kennslufræði, sérkennslufræði og stjórnunar skólastofnana.

Kennaradeild leggur áherslu á að ná til nemenda með dreifða búsetu og býður því upp á fjarnám og lotunám auk staðarnáms.

Lagadeild

Lagadeild býður upp á 180 eininga B.A. nám í lögfræði og 120 eininga M.L. nám í lögfræði. Námið er skipulagt sem heildstætt fimm ára laganám. Í B.A. náminu, sem fer fram að hluta til á ensku, öðlast nemendur þekkingu á undirstöðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, í Evrópu og víðar. Þeir læra að fjalla með gagnrýnum hætti um lögfræðileg málefni og skoða lög og rétt í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi. Áherslan í M.L. náminu er á hagnýta íslenska lögfræði þannig að nemendur verði sem best í stakk búnir til að

takast á við lögfræðistörf, sem dómarar, lögmenn eða lögfræðingar hjá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum.

Lagadeild býður einnig upp á alþjóðlegt meistaranám í heimskautarétti sem leiðir til 90 eininga LL.M. gráðu, 120 eininga M.A. gráðu eða 60 eininga viðbótarnáms á meistarastigi. Í náminu er lögð áhersla á þau svið alþjóðalaga og landsréttar sem tengjast heimskautasvæðunum. Nám í heimskautarétti fer alfarið fram á ensku. Árbók heimskautaréttarins *The Yearbook of Polar Law* kemur út á vegum lagadeildar Háskólans á Akureyri hjá Brill Academic Publishers í Hollandi og árlega stendur deildin fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á sviði heimskautaréttar.

2.3. Mannauður

Háskólinn á Akureyri er metnaðarfullt menntasamfélag. Þekkingin og reynslan sem býr í starfsfólki er helsti auður hans og háskólanum er í mun að búa vel að starfsfólki sínu. Lögð er áhersla á að skapa hvetjandi og frjótt starfsumhverfi þar sem þekking og færni starfsfólks fær að njóta sín og vaxa.

Háskólinn á Akureyri mun ná markmiðum sínum með samhentri og öflugri liðsheild starfsfólks þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi í öllum aðgerðum er varða mannauðsmál. Mannauðsstefna skólans er hluti framtíðarstefnu hans.

Akademísk stöðugildi í HA					
	Prófessorar/ Forsetar fræðasviða	Dósentar	Lektorar	Aðrir akademískir starfsmenn*	Samtals
Heilbrigðisvísindasvið	3	6,25	6	3,4	18,65
Hug- og félagsvísindasvið	6,49	11,5	12,1	3,9	33,96
Viðskipta- og raunvísindasvið	8,5	3	7,2	3,7	22,4
Samtals	17,99	20,75	25,3	11	75,01

* Aðrir akademískir starfsmenn: Aðjúntar, nýdoktorar, gestaprófessorar og aðrir sérfræðingar við kennslu og/eða rannsóknir. Stundakennarar ekki taldir með.

	2007	2008	2009	2010
Fjöldi heilsársstúdenta á hvert akademískt stöðugildi – Allir akademískir starfsmenn	11,5	11,1	15,6	15,7
Fjöldi heilsársstúdenta á hvert akademískt stöðugildi – Aðeins lektora, dósentar og prófessorar/deildarforsetar (e. core faculty)	14,7	13,7	18,1	18,5

Háskólinn hefur markvisst unnið að því að auka hlutfall starfsmanna með doktorspróf og hefur orðið vel ágengt. Hefur sá árangur átt þátt í að efla velgengni meistaranáms við skólann. Mannauður háskólans mun gera HA kleift að setja af stað skipulagt doktorsnám á völdum sviðum.

2.4. Rannsóknir

Háskólinn á Akureyri skilgreinir sem hlutverk sitt að skapa „fræðimönnum sínum umhverfi og aðstöðu til rannsókna og nýsköpunar sem stuðlar að vexti og framþróun íslensks samfélags og veitir inn í það nýjum straumum...“. Háskólinn á Akureyri er vaxandi rannsóknarháskóli og kemur það meðal annars fram í verulegri fjölgun birtinga og tilvitnana undanfarið ár. Skólinn leggur áherslu á rannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið og þá sérstaklega á rannsóknir sem tengjast íslensku samfélagi og atvinnulífi auk þeirrar sérstöðu sem skólinn hefur á fræðasviðum tengdum norðurlóðum. Tengsl náms og rannsókna eru mikilvæg og virk, sérstaklega varðandi framhaldsnám. Meistaránamið er að miklu leyti rannsóknartengt og stefna háskólans er að efla það bæði sem sjálfstætt nám og sem undanfara doktorsnáms, en stefnt er að doktorsnámi á næstu árum í nokkrum deildum á grundvelli öflugs rannsóknarumhverfis og mannauðs. Háskólinn á Akureyri stefnir að aukinni rannsóknarvirgni og áframhaldandi eflingu rannsóknarstarfs í samstarfi við háskóla, stofnanir og fyrirtæki innanlands sem erlendis

og að skapa þannig enn sterkari grunn fyrir alþjóðlega virt og viðurkennt doktorsnám. Stefnt er að því að hvetja til myndunar rannsóknarhópa og efla ytri fjármögnun með öflugri sókn í samkeppnissjóði, innanlands sem utan. Rannsóknarþjónusta og innra stöðkerfi rannsókna verður eftt til að tryggja sem mestan árangur af þessari sókn.


Rannsóknir eru stundaðar í öllum deildum háskólans og er meirihluti verkefna unninn í samstarfi við innlenda og erlenda fræðimenn og stofnanir og með ytri fjármögnun. Eitt af einkennum heilbrigðisvísindasviðs er að flestar rannsóknir eru unnar í þverfaglegum teyrum. Rannsóknir sem beinast að ákveðnum hópum eru algengar. Sem dæmi má nefna rannsóknarefni um stuðning við krabbameinssjúka, reynslu og aðlögun kvenna eftir brjóstakrabbamein, tíðni langvinnra verkja, tíðni keisarskurða og burðarmálsdauða, þekkingu og neyslu barnshafandi kvenna á fólasi og hjartastopp utan sjúkrahúsa. Rannsóknarverkefni meðal fólks með langvinna sjúkdóma, svo sem sykursýki og langvinna lungnateppu og barna með hreyfihömlun. Annað rannsóknarsvið beinist að innihaldi þjónustu og þar er algengt að horft sé á reynslu eða upplifun fólks af þjónustu, ánægju þjónustupega sem og samskipti og tengsl notenda/sjúklinga og fagfólks. Þarna má nefna rannsóknir á sviði umhyggju og umhyggjuleysis sem leiddu til þróunar á kenningu um efnið. Rannsóknir sem beinast að þróun og staðfærslu mælitækja hafa verið áberandi innan sviðsins, en matstækin eru ýmist almenn eða sértæk fyrir ákveðna hópa. Hér má nefna matstæki um hreyfingu, líkamlega færni, athafnir og þátttöku aldraðra, um þátttöku og lífsgæði barna og ungmenna og sjálfsefningu, sjálfsútmönnun og streitu fólks með sykursýki. Sum þessara mælitækja hafa sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður og eru notuð við skráningu upplýsinga á landsvísu.

Á hug og félagsvísindasviði hafa rannsóknir verið mjög fjölbreyttar. Viðfangsefni rannsókna í félagsvísindadeild snúa meðal annars að Íslandssögu, alþjóðlegri hagþróunar og hugmyndafræði, fjölmiðlum og boðskiptum ýmissa þjóðfélags hópa, siðfræði, og hugfræðilegum, lífeðlisfræðilegum og klínískum athugunum í sálfræði. Ennfremur eru öflugar rannsóknir í menntunar og kennarafræðum sem tengjast skólaþróun, heimspeki menntunar, sérkennslu, lestri, skólastjórnun, sagnfræði, íslenskum fræðum, uppeldis- og kennslufræði, jafnrétti, sálfræði og upplýsingatekni í skólastarfi. Þá eru ótaldar rannsóknir við lagadeild á sviði þjóðaréttar, s.s. mannréttinda bæði alþjóðlegra og í landsrétti, réttinda minnihlutahópa og frumbyggja, hafaréttar, stjórnskipunarréttar, réttarheimspeki, kennilegrar lögfræði, réttafélagsfræði, eignarréttar og samanburðarlögfræði.

Á viðskipta og raunvísindasviði eru öflugar rannsóknir á sviði líftækni, erfðafræði, sjávarlíffræði, matvæla sem og auðlindanýtingar. Sérstaklega má nefna að byggðarannsóknir og rannsóknir tengdar áhrifum samgöngumannvirkja á þjóðfélagið og byggðir landsins eru samnefnari fyrir fjölmörg rannsóknarverkefni á öllum sviðum skólans. Þjónusturannsóknir og ráðgjöf til stjórnvalda um byggðapróun og sjávarútvegsmál er virkur og vaxandi þáttur í rannsóknarstarfi fræðimanna skólans.

Lögð er áhersla á að afrakstri rannsóknarstarfsins sé fylgt eftir, að árangur starfsmanna sé metinn í samræmi við matskerfi opinberu háskólanna. Ennfremur er haldið saman yfirliti yfir árangurinn, afrakstur, birtingar og önnur atriði sem eru mælikvarðar á gæði og virkni í rannsóknum. Sérstaklega er miðlað árangri og niðurstöðum verkefna til samfélagsins, stjórnmalamanna og hins almenna borgara með þeim tækjum sem í boði eru svo sem vef háskólans, með opnum málstofum, í fjölmiðlum og til vísindasamfélagsins með hefðbundnum birtingum. Háskólinn safnar tölfraediupplýsingum um rannsóknarstarfið. Upplýsingar um rannsóknarstarf eru rýndar og ræddar reglulega í gæðaráði. Yfirlit yfir árangur starfsmanna skólans sést á mynd hér að neðan.

Birtar vísindagreinar í ritrýndum tímaritum/bókum



2.5 Nemendur

Stefna HA er að gefa nemendum kost á fjölbreyttu námi sem miðar að undirbúningi þeirra til frekara framhaldsnáms eða virkrar þátttöku í íslensku og alþjóðlegu samfélagi. Áhersla er lögð á persónulega og góða þjónustu til að styðja sem best við nemendur í námi og hækka þar með brautskráningarlutfall.

Haustið 2011 voru nemendur við HA 1.670. Ársnemendafjöldi er hár eða 1.306 sem er rúmlega 78% af heildarfjölda.

Deild	Fjöldi nemenda	Ársnemendur
Auðlindadeild	181	137
Félagsvísindadeild	297	242
Framhaldsnám í heildbrigðisvísindum	44	14
Hjúkrunarfræðideild	263	245
Iðjuþjálfunarfræðideild	115	101
Kennaradeild	326	254
Lagadeild	117	100
Viðskiptadeild	327	213
Samtals	1.670	1.306

Síðustu ár hefur nemendum fjölgað nokkuð. Fjölgun hefur orðið í nær öllum deildum frá 2010. Mun fleiri konur stunda nám við skólann en karlar og haustið 2011 var hlutfall kvenna 75% og karla 25%.

Skipting nemenda eftir stigi náms haustið 2011 er eftirfarandi:

Deild	Diplómanám á grunnstigi	Bakkalárnám	Meistaránám
Auðlindadeild	5	123	53
Félagsvísindadeild		293	4
Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum			44
Hjúkrunarfræðideild		263	
Iðjuþjálfunarfræðideild		115	
Kennaradeild		150	176
Lagadeild		68	49
Viðskiptadeild		315	12
Samtals	5	1.327	338

Námsform skólans er skilgreint á þrjú vegu eða í *staðarnám*, *fjarnám* og *lotunám*. Nemar í grunnnámi eru annað hvort staðarnemar eða fjarnemar og nemar í framhaldsnámi eru annað hvort staðarnemar eða lotunemar. Nemum í fjarnámi hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Fjöldi lotunema náði nokkru hámarki 2009 og 2010 en

Þá var í síðasta sinn boðið upp á kennsluréttindanám fyrir iðnmeistara og 30 eininga kennsluréttindanám á framhaldsstigi.

Skipting nemenda eftir námsformi haust 2011 er eftirfarandi:

Deild	Staðarnemar	Fjarnemar	Lotunemar
Auðlindadeild	127	54	
Félagsvísindadeild	188	109	
Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum			44
Hjúkrunarfræðideild	114	149	
Iðjuþjálfunarfræðideild	43	72	
Kennaradeild	75	75	176
Lagadeild	117		
Viðskiptadeild	87	230	10
	Samtals	751	689
			230

3. Áherslur í daglegu starfi

3.1. Samvinna og samkeppni

HA er aðili að verkefnisstjórn opinberra háskóla og hefur undirritað samninga þar að lútandi. Unnið hefur verið samkvæmt því samkomulagi og stefnt að því að það samstarf haldi áfram á þeim grunni í nánustu framtíð. www.samstarf.hi.is. Að öðru leyti mun HA halda áfram að efla samstarf sitt við aðra háskóla og rannsóknarstofnanir og verður þar lögð sérstök áhersla á málefni tengd norðurslóðum.

3.2. Tengsl við atvinnulíf og samfélag

HA leggur áherslu að efla tengsl skólans við atvinnulíf og þá einkum hér á landi. Eitt af hans grunnhlutverkum er að móta nýjar hugmyndir sem atvinnulíf og fyrirtæki taka við og þróa áfram. Mikilvægt er að mótun nýrra hugmynda geti þróast í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Slíkt þarf að vinna af heilindum þannig að frelsi og sjálfstæði HA sé að fullu virt og mótist ekki af sérhagsmunum.

HA hefur beint og óbeint náð samstarf við allmargar stofnanir í þessum tilgangi. Þar er um að ræða stofnanir sem eru alfarið á forræði HA en einnig stofnanir sem eru samstarfsvettvangur Háskólans á Akureyri og annarra stofnana og fyrirtækja á viðkomandi fræða- eða starfssviðum. Má þar nefna m.a. Rannsóknamiðstöð HA, Sjávarútvegsmiðstöð, Rannsóknamiðstöð ferðamála, Símenntun HA, Heilbrigðisstofnun HA svo og Mátis, Hafró, og Náttúrufræðistofnun.

3.3. Alþjóðlegt starf

HA er alþjóðlegur háskóli þar sem viðmið í rannsóknum og kennslu eru alþjóðleg. HA er þátttakandi í nemenda-, kennara- og starfsmannaskiptaáætlunum á borð við *Erasmus*, *Nordplus*, *North2North* o.fl. HA leggur jafnframt áherslu á samstarf við háskóla á norðurslóðum og er m.a. stofnmedlimur í *University of the Arctic*, samstarfsneti háskóla á norðurslóðum, en í gegnum það samstarf er t.d. nemendaskiptaáætlunin *North2North*. Með þessari stefnu hefur HA skapað sér sérstöðu á innlendum og erlendum vettvangi sem viðurkennd miðstöð kennslu og rannsókna á fræðasviðum tengdum norðurslóðum.

HA starfar með leiðandi erlendum háskólum og stofnunum að kennslu og rannsóknum. Jafnframt leggur skólinn áherslu á að fá hingað til lands erlenda kennara með sérfræðipækkingu og reynslu. Þannig hefur erlendum gestakennurum frá samstarfsskólum fjölgað mikið og eftirspurn kennara frá HA um styrki til gestakennslu við samstarfsskóla hefur aukist.

Hér fyrir neðan er yfirlit undanfarinna fjögurra ára yfir erlent samstarf. Hafa skal í huga að fækkun námskeiða á erlendum tungumálum orsakast fyrst og fremst af því að námsleiðin í heimskautarétti, Polar law, sem er öll kennd á ensku, er nú aðeins kennd annað hvert ár. Jafnframt má bæta því við að tekið er til skoðunar að kenna áfanga á ensku fyrir erlenda nemendur sé þess óskað og þá í samráði við kennara og fræðasvið.

ERLENT SAMTARF	2008	2009	2010	2011
Fjöldi virkra skiptisamninga við erlenda háskóla	38	47	50	55
Fjöldi námskeiða á erlendum tungumálum	50	67	49	46
Fjöldi skiptinema til HA	36	48	58	64
Fjöldi skiptinema frá HA	23	19	23	25

Á næstu árum verður lögð áhersla á að auka og dýpka samstarf við þá erlendu háskóla sem færa HA mestan faglegan ávinning og starfa á sömu sviðum og HA. Gert er ráð fyrir einhverri fjölgun samstarfsskóla í takt við áherslur og stefnu skólans.

Það verður ekki horft framhjá því að nám, rannsóknir og atvinnulíf á Íslandi er hluti af alþjóðlegu umhverfi og verður að standast alþjóðlegar kröfur. Að auki er mikilvægt að íslenskir nemendur fái reynslu af því að vinna með erlendum sérfræðingum, bæði til að auka þekkingu þeirra og til að efla færni þeirra í atvinnu og nýsköpun til framtíðar.

Erlendum námsmönnum hefur fjölgað á undanförunum árum og stefnt er að því að þeim fjölgi nokkuð á næstu árum. Haustið 2011 stunduðu 84 erlendir nemendur frá 22 þjóðlöndum nám við HA. Margir nemanda stunda nám í heimskautarétti, Polar law, og einnig í haf- og strandsvæðastjórnun, Coastal and Marine Management, sem kennd er við Háskólasetun Vestfjarða. Stærstur hlutinn er þó skiptinemar sem taka ýmis námskeið. Samstarfssamningar vegna nemenda- og kennaraskipta við erlenda háskóla eru samtals um 200 talsins og hafa nemendur HA fjölmarga framúrskarandi skóla að velja úr til að stunda skiptinám. Stefnt er að því að fjölga skiptinimum sem fara frá HA til erlendra samstarfsskóla næstu árin. Jafnframt er stefnt að fjölgun erlendra skiptinema sem stunda fullt nám á meistarasígi við HA.

Jafnframt má geta þess að HA stendur að námi í samstarfi við Hafrannsóknastofnun, Matís ohf og HÍ undir merkjum *The United Nations University - Fisheries Training Programme in Iceland*. Frá árinu 1998 hafa yfir 220 nemendur frá 40 þróunarlöndum stundað ofangreint nám m.a. við HA.

Árið 2011 sótti háskólinn um *Diploma Supplement Label* viðurkenningu frá Evrópusambandinu og fékk vottun afhenda nú á vormánuðum 2012. Um er að ræða vottun vegna skírteinisviðauka sem nemendur fá við útskrift og gildir vottunin til ársins 2014.

Verið er að skoða hvað muni felast í því fyrir HA að sækja um ECTS label vottun og er háskólinn þar samferða fleiri íslenskum háskólum í samráði við Bolognasérfræðinganna sem starfa á vegum Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.

3.4 Þverfaglegt starf

Í gegnum árin hefur verið lögð áhersla á þverfaglegt samstarf í HA. Það birtist bæði í kennslu og rannsóknum. Eitt af markmiðum HA er að tengja saman fræðasvið til að mæta þörfum fyrir fjölbreytta þekkingu og auka sérhæfingu. Um árabíl hefur kennsla í framhaldsnámi HA verið á þverfaglegum forsendum og þar vinna nemendur oft verkefni utan sinnar móðurdeildar eða -sviðs. Hið nána umhverfi hvetur til samvinnu kennara og gefur þeim jafnt sem nemendum tækifæri til að líta út fyrir veggir eigin fræða.

Þverfagleg áhersla ríkir á öllu heilbrigðisvísindasviði þar sem mikið er um samkennslu milli hjúkrunarfræði- og iðjuþjálfunarfræðinemenda. Framhaldsnámsdeild á heilbrigðisvísindasviði byggir sitt nám alfarið á þverfaglegum námskeiðum. Mörkin milli fræðigreina eru ekki endilega skýr og þverfagleg áhersla getur hvatt til nýrrar hugsunar og viðhorfa sem er mikilvægt í dag. Því nú miða klínískar leiðbeiningar heilbrigðisstétta við að vinna skuli í þverfaglegum teymum og að það reynist best fyrir skjólstaðinginn.

Á viðskipta- og raunvísindasviði er lögð áhersla á þverfaglega nálgun í námsframboði. Sérstaklega má nefna að námsframboð auðlindadeildar beinist að því að nemendur kynnist bæði fræðilegum grunni sem og aðferðum við nýtingu, stjórnun og rekstur náttúruauðlinda. Sambýli þessara deilda og nán tengsl kennara og nemenda gefur nemendum víðsýni til nýtingar fræðanna á fjölbreyttan hátt.

Á hug- og félagsvísindasviði er skipulega stuðlað að þverfaglegu námi og rannsóknum. Boðið er upp á þverfaglega námsbraut í nútímafræði og allt annað grunnnám í félagsvísindadeild og lagadeild er byggt á þverfræðilegum forsendum. Markmiðið er að jafnframt því sem nemendur finni fótfestu innan fræðigreinar sinnar þá fái þeir verulega innsýn í viðfangsefni og aðferðir annarra fræðigreina og eflist þannig að færni og vísýni. Grunnnám í báðum deildum hefur enda nýst sem góður undirbúningur undir framhaldsnám í ólíkum greinum. Þverfaglegar áherslur eru einnig ríkjandi í kennaranáminu sem á kjölfestu í kennarafræði en leitar fanga í ólíkar fræðigreinar. Markmið þess er að mennta kennara til að verða skapandi fagmenn sem hafa trausta þekkingu og færni til að beita henni í starfi. Þeir þurfa að öðlast þekkingu á námi nemenda og þroska, þekkingu á náms sviðum/námsgreinum og námskrá skóla, þekkingu á kennslu og árangursríkri tilhögun hennar og skilning á mikilvægi þess að gæta að jafnrétti í skólustarfi. Framhaldsnám bæði í kennaradeild og lagadeild (heimskautarétti) býður upp á þverfaglegt námsumhverfi og tekur við nemendum með ólíkan bakgrunn.

Starfsumhverfi kennara við HA ýtir undir þverfagleg rannsóknarverkefni, sem eru tíð. Stjórnunareiningarnar (fræðasviðin) spanna ólíkar fræðigreinar og þannig stuðlar stjórnskipulagið, ásamt heppilegri stærð fræðasviðanna, að samskiptum og samstarfi þvert á hefðbundna greinamúra. Samstarf í kennslu innan þverfaglegra námskeiða og námsbrauta hefur sömu áhrif, sem og flutningur allrar starfseminnar á eitt svæði, Sólborg.

3.5 Nýsköpun og tækniþróun

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á rannsóknir og nýsköpun sem tengjast íslensku samfélagi og atvinnulífi. Sérstaklega er stefnt að því að rannsóknarstarfið og árangur þess nýtist samfélaginu bæði til lengri og skemmri tíma og leiði til nýsköpunar í atvinnulífi. Skólinn leggur áherslu á að starfa með fyrirtækjum og stofnunum að þróunarverkefnum og auka samstarf til nýsköpunar við aðila utan skólans. Tækni- og þekkingaryfirfærsla m.a. í gegnum erlenda samstarfsaðila er mikilvæg leið til árangurs í þessu starfi. Tengsl nemendaverkefna á öllum stigum er öflug leið til þess að skapa grundvöll slíks þróunarstarfs og sérstaklega á meistara- og doktorstigi. Sérstaklega verður hugað að nærumhverfinu í þessu skyni. Skólinn hefur á undanförunum árum verið virkur í slíkri miðlun niðurstaðna og stofnun fyrirtækja um einstök verkefni. Sem dæmi má nefna stofnun fyrirtækisins Biopol á Skagaströnd um nýtingu sjávarlíftækni og samstarf við fyrirtæki og verkfræðistofur um rannsóknir og þróun í orkulíftækni við framleiðslu eldsneytis með örverum.

4 Innra starf og gæðastýring

4.1 Gæðastarf

Við HA er unnið markvisst að því að auka gæði náms með fjölpættu umbótastarfi og reglubundnu gæðaeftirliti. HA kappkostar að allt gæðastarf sé unnið samkvæmt fyrirmælum laga, reglna og staðla sem gilda um starfsemi háskóla á Íslandi, þar á meðal fyrirmæla Bolognaferlisins, *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area* og *Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education*.

Við HA er starfandi gæðaráð sem fundar að jafnaði mánaðarlega. Þar sitja rektor sem er formaður, fræðasviðsforsetar, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður kennslusviðs og fulltrúar starfsmanna háskólans og nemenda. Gæðaráð vinnur að fjölmörgum framfara- og umbótamálum en meginhlutverk ráðsins er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Sem dæmi um regluleg viðfangsefni ráðsins má nefna námskeiðsmat, kannanir ýmiskonar, rannsóknarvirkni akademískra starfsmanna, framkvæmd starfsmannasamtala, markvissa innleiðingu hæfniviðmiða, umfjöllun um brotthvarf nemenda frá námi og áætlun gæðaráðs um vinnufundi og fræðslu fyrir kennara og starfsmenn til stuðnings við kennslu- og starfsþróun. Af framfara- og umbótamálum má nefna gerð handbókar fyrir nemendur og skilgreiningar á réttindum þeirra, skyldum og málskotsrétti, formfestingu á vinnu við kannanir á vegum háskólans með skipun kannanateymis, uppsetningu kvartanaferlis nemenda til gæðastjóra og þróun og innleiðingu rafrænna kennsluáætlana svo eitthvað sé nefnt.

Gæðastarf innan fræðasviða HA er fjölpætt en öll standa fræðasviðin fyrir kennaradögum einu sinni á misseri þar sem fjallað er um málefni kennslu og kennsluumbóta auk rannsókna. Öll fræðasviðin hafa á slíkum kennaradögum t.d. fjallað um og unnið sameiginlega með hæfniviðmið námsleiða og námskeiða og notið við það leiðbeininga frá Bologna sérfræðingum. Námsnefndir innan HA hafa einnig skilgreindu hlutverki að gegna við þróun á nýju námsframboði og reglubundna endurskoðun á námsbrautum háskólans. Annað viðfangsefni

fræðasviða er úrvinnsla og eftirfylgni með námskeiðsmati nemenda m.a. með starfsmannasamtölum. Virkt eftirlit með námsframvindu og vöktun á brotthvarfi nemenda frá námi eru gæðaverkefni sem sinnt er á fræðasviðunum.

Fyrirliggjandi verkefni í gæðamálum HA eru að ljúka greiningu helstu lykilferla háskólans en sú vinna er komin langt á veg, og birta þá í gæðahandbók ásamt lýsingu á gæðastarfi háskólans í hinu nýja upplýsingakerfi háskólans Uglu. Gæðahandbókin í Uglu mun leysa af hólmi núverandi gæðakerfi sem þarfnast endurskoðunar.

Við gæðastarf Háskólans á Akureyri hefur frá upphafi verið litið til erlendra fyrirmýnda og viðurkenndum sérfræðingum frá leiðandi háskólum verið boðið til fyrirlestra, vinnufunda og ráðgjafar við háskólann. Fulltrúar í gæðaráði hafa átt þess kost að taka þátt í alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum um gæðamál auk þess sem gæðastjóri hefur staðið fyrir tveimur síkum við Háskólann á Akureyri sem voru fjölsóttar.

HA starfar náið með gæðaráði háskólanna og hefur unnið áætlun sem það hefur samþykkt um sjálfsmat allra fræðasviða og heildarúttekt háskólans allt til ársins 2015.

4.2. Þjónusta og aðbúnaður

Háskólinn kappkostar að skapa nemendum og starfsfólki góða starfsaðstöðu. Þjónustusvið háskólans eru fimm og eru rekin innan háskólaskrifstofu undir stjórn framkvæmdastjóra.

Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið hefur umsjón með bókhaldi, launavinnslu, rekstri fasteigna og tölvukerfa. Sviðinu tilheyrir einnig gagnasmiðja sem annast notendapjónustu vegna tækni og tölvukerfis. Fjöldi starfsmanna á sviðinu er 17.

Kennslusvið annast nemendaskráningu, námsráðgjöf, prófstjórn, erlend samskipti nemenda og kennara, daglega umsjón fjarkennslu auk almennrar afgreiðslu háskólans. Starfsmenn sviðsins eru átta.

Markaðs- og kynningarsvið sér um að kynna háskólann fyrir væntanlegum nemendum og öðrum sem vilja fræðast um hann. Sviðið sér einnig um gerð kynningarefnis, annast vefstjórn og samskipti við fjölmiðla. Á sviðinu starfa tveir starfsmenn.

Upplýsingasvið annast rekstur bókasafns háskólans þar sem nemendum og kennurum er veittur aðgangur að safni bóka og tímarita sem í vaxandi mæli er á rafrænu formi. Þar er ennfremur boðið upp á upplýsingaþjónustu, aðstoð við rannsóknar- og heimildavinnu og vinnuástöðu fyrir nemendur. Upplýsingasvið annast kennslu í upplýsingalæsi. Á sviðinu starfa fimm starfsmenn.

Rannsóknar- og þróunarmiðstöð veitir kennurum og sérfræðingum háskólans ýmsa þjónustu við rannsóknir m.a. vegna styrkumsókna og gagnavinnslu. Sviðið er einnig þátttakandi í margskonar samstarfi fyrir hönd háskólans og annast hluta af stjórnarsýslu rannsókna kennara háskólans.

Á skrifstofu rektors starfa rektor, ritari, skjalavörður og gæðastjóri háskólans.

4.3. Siðferði, sjálfbærni og ábyrgð

HA hefur að markmiði að skilgreina leiðir til að flétta siðferðileg viðfangsefni og sjálfbærni inn í nám á öllum fræðasviðum, hafa mannréttindi og lýðræðisleg vinnubrögð sem leiðarstef í starfsemi skólans og að leggja áherslu á að setja gott fordæmi í umhverfismálum

Háskólinn á Akureyri mun ná markmiðum sínum með samhentri og öflugri liðsheild starfsfólks þar sem jafnræði og jafnrétti er haft að leiðarljósi í öllum aðgerðum.

Nemendur og samfélag geta treyst því að öll vinna og samskipti við Háskólann á Akureyri byggja á grunni þar sem haldgöð menntun, gagnrýnin hugsun, vönduð vinnubrögð og heill samfélagsins eru höfð að leiðarljósi.

5. Stjórnun, skipulag og fjármál

5.1 Stjórnun og skipulag


Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor og er háskólaráð æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Í háskólaráði sitja tveir fulltrúar háskólasamfélagsins, einn fulltrúi menntamálaráðherra, tveir fulltrúar háskólaráðs sem háskólaráð velur sjálft og rektor, sem jafnframt er formaður háskólaráðs.

Háskólafundur er haldinn a.m.k. einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir faglega umræðu innan skólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar starfsfólks og nemenda sitja háskólafundum.

Framkvæmdastjórn, sem er skipuð rektor, framkvæmdastjóra og forsetum fræðasviða, ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og fjármálum skólans gagnvart háskólaráði. Fjármálastjóri situr alla fundi framkvæmdastjórnar.

Gæðaráð háskólans hefur sem meginhlutverk að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og að tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Í gæðaráði sitja rektor, gæðastjóri, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, forstöðumaður kennslusviðs, tveir fulltrúar starfsmanna háskólans og tveir fulltrúar frá nemendum.

Skipurit háskólans:



Stefnumótun og áætlanagerð eru mikilvæg tæki innan háskólans til að varða leið til framtíðar og eru áfangi á þeirri vegferð að styrkja háskólasamfélagið sem heild og þá einstaklinga sem þar starfa og læra. Háskólinn á Akureyri hefur markað sér stefnu í margvíslegum málaflokkum og fara deildir og starfseiningar eftir þeim:

Stefna Háskólans á Akureyri 2012-2016

Mannauðsstefna Háskólans á Akureyri 2011-2014.

Áætlun um jafna stöðu kynjanna við Háskólann á Akureyri.

Síðareglur Háskólans á Akureyri.

Málstefna Háskólans á Akureyri.

Stefna í skjalastjórnun.

Stefna um jafnt aðgengi að námi og störfum.

Umhverfisstefna.

<http://www.unak.is/haskolinn/page/stefnumal>

5.2 Fjármál

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á vandaða fjármálastjórn og gerir rekstraráætlun til eins árs í senn. Rekstraráætlun er brotin niður á mánuði og mánaðarleg uppgjör borin saman við áætlun mánaðarlega. Rekstraráætlun er endurskoðuð um mitt ár og rekstrarlegt markmið er að rekstur háskólans sé ávallt jákvæður. Rekstraráætlun er unnin á tímabilinu október til desember. Fræðasvið og stjórnsýsla taka þátt í henni og er áætlunin lögð fyrir framkvæmdastjórn og síðan háskólaráð til samþykktar, og síðan send mennta- og menningarmálaráðuneyti til staðfestingar.

6. Megináherslur og markmið til 2015

Háskólinn á Akureyri hefur skilgreint markmið sem varða leiðina að framtíðarsýninni, þau eru nánar skilgreind í aðgerðaáætlun sem er unnin af fræðasviðum háskólans, stjórnsýslu og stöðþjónustu, og lögð fram af háskólaráði. Aðgerðaáætlunin er endurskoðuð árlega í samráði við starfsfólk. Á tímabilinu verður litið til valinna háskóla í Evrópu, sérstaklega á Norðurlöndum og í Skotlandi, í tengslum við námsframboð, rannsóknarvirkni, yfirfærslu þekkingar, kennsluhætti, gæðastarf og rekstur. Miðað verður við evrópska gæðastaðla og Bologna viðmið í öllu starfi.

Framtíðarsýn Háskólans á Akureyri er að eflast sem alþjóðlega virtur háskóli með öflugar rannsóknir í sterkum tengslum við samfélag og atvinnulíf í öllum landshlutum. Hann ætlar sér að bjóða eftirsóknarvert nám á öllum háskólastigum með doktorsnám á völdum fræðasviðum. Hann hefur skapað sér sérstöðu á innlendum og erlendum vettvangi sem viðurkennd miðstöð kennslu og rannsókna á fræðasviðum tengdum norðurlóðum.

Háskólinn á Akureyri einkennist af persónulegu náms- og rannsóknarumhverfi sem styður við nemendur og starfsfólk um leið og það nýtir kosti þverfaglegra samskipta í námi og rannsóknum. Lögð er áhersla á persónuleg samskipti milli nemenda og kennara með það í huga að örva og efla nemendur til náms og auðvelda þeim þannig að ná viðmiðum sem gilda um æðri menntun. Háskólinn hefur að því leyti skýra sérstöðu á sviði háskólamenntunar í landinu.

Vegna staðsetningar sinnar gegnir Háskólinn á Akureyri lykilhlutverki í eflingu háskólamenntunar, rannsókna, þróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni og nemendur úr öllum byggðum landsins sækja í það persónulega og krefjandi námsumhverfi sem skólinn býr þeim. Skólinn leggur sig sérstaklega fram um að nýta þá möguleika sem felast í blönduðu og sveigjanlegu námi auk hefðbundins staðarnáms og leggur áherslu á tengsl við þekkingarsetur sem starfa á landsbyggðinni og eru uppspretta nýsköpunar og frumkvöðlakrafts.

Fjölbreytt námsframboð Háskólans á Akureyri er á fræðasviðum félags- og hugvísinda, heilbrigðisvísinda og umhverfis- og náttúruvísinda með áherslu á sjálfbærni og gagnkvæma yfirfærslu þekkingar milli háskólans og samfélagsins. Skólinn er virkur í samstarfi við aðra háskóla innanlands og erlendis og hluti af námsframboði hans er á ensku. Nám er í boði fyrir nemendur í staðar-, lotu- og fjarnámi til bakkalár- og meistaraþátttöku á öllum fræðasviðum skólans og doktorsgráðu á völdum sviðum innan þeirra.

Háskólinn á Akureyri er virtur og viðurkenndur sem miðstöð kennslu, rannsókna, nýsköpunar og þróunar og leitast við að tengja starf sitt við samfélagið og stofnanir þess bæði nær og fjær.

Rannsóknaraðstaða, -umhverfi og nýsköpun. HA ætlar að

- Bæta rannsóknarumhverfi og auka möguleika fræðimanna á að leiða og taka þátt í rannsóknarverkefnum með sterkri samkeppnisstöðu á innlendum og erlendum vettvangi.
- Auka samstarf um rannsóknir við aðra háskóla innanlands og erlendis
- Hvetja til myndunar rannsóknarhópa
- Efla ytri fjármögnun rannsókna með því að sækja markvisst í samkeppnisjóði innanlands sem utan
- Styrkja rannsóknarþjónustu og innra stöðkerfi rannsókna
- Efla starfsemi vísindaráðs HA
- Auka samstarf um rannsóknir, þróun og nýsköpun við aðila utan háskólans.

Meistaránám og doktorsnám. HA ætlar að

- Auka námsframboð á meistarastigi bæði til sjálfstæðrar gráðu og sem undanfara doktorsnáms
- Styrkja samstarfsnet um kennslu og rannsóknir með innlendum og völdum erlendum háskólum
- Efla stöðþjónustu sem styður við kennslu- og rannsóknarstarfsemi
- Fá heimild menntamálaráðherra til að skipuleggja og hefja nám til doktorsprófs

- Byggja upp samstarf við erlenda og innlenda háskóla sem og stofnanir og fyrirtæki um doktorsnám

Nám, kennsla og námsumhverfi. HA ætlar að

- Vera til fyrirmyndar um námsumhverfi og viðmót gagnvart nemendum
- Auka enn frekar orðstír skólans hvað varðar persónulegt námsumhverfi
- Skipuleggja fleiri námskeið og námsleiðir sem blandað og sveigjanlegt nám
- Vera í fararbroddi um gæðastjórnun náms og kennslu eftir alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum
- Efla faglega samvinnu og gæðavitund hjá kennurum og starfsfólki
- Fylgja þróun í upplýsingatekni og bæta tæknibúnað við nám og kennslu
- Þjálfa og styðja kennara til aukinnar færni í kennslufræði, kennslutækni og gerð námsefnis, sérstaklega m.t.t. blandaðs og sveigjanlegs náms í virkri samvinnu við innlenda og erlenda sérfræðinga
- Efla samstarf við símenntunarmiðstöðvar og háskólasetur landsins

Samþætting kennslu og rannsókna. HA ætlar að

- Efla rannsóknartengt meistaranám
- Stuðla að því að nemendur geti tekið þátt í rannsóknum háskólakennara
- Þróa öflug samstarfsnet um kennslu og rannsóknir við aðra háskóla innanlands og erlendis, með áherslu á samnýtingu kennslu og námsleiða
- Fá viðurkennda, innlenda og erlenda vísindamenn til að kynna rannsóknarverkefni sín
- Nýta tækifærin í norðurslóðasamstarfi markvisst til eflingar á rannsóknartengdu meistaranámi og doktorsnámi
- Efla kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi

Samfélagsleg ábyrgð. HA ætlar að

- Auka samstarf og samskipti við önnur skólastig
- Auka tengsl og samvinnu við stofnanir og fyrirtæki eftir því sem við á
- Auka samstarf og samskipti við aðrar háskólastofnanir
- Auka sýnileika starfsfólks skólans í samfélaginu og virkja það til þátttöku í opinberri umræðu í krafti fræðilegrar þekkingar sinnar
- Vinna að nýsköpun og þróun með stofnunum og fyrirtækjum
- Koma árangri og afrakstri rannsókna, nýsköpunar og þróunarstarfs á framfæri við samfélagið
- Setja markmið og skilgreina leiðir til að flétta siðferðileg viðfangsefni og sjálfbærni inn í nám á öllum fræðasviðum
- Hafa mannréttindi og lýðræðisleg vinnubrögð sem leiðarstef í starfsemi skólans
- Leggja áherslu á að setja gott fordæmi í umhverfismálum

Innra starf. HA ætlar að

- Aðlaga gæðakerfið að nýju verklagi gæðaráðs háskólanna við sjálfsmat og ytra mat háskóla
- Efla stoðþjónustu og stjórnkerfi
- Tryggja örugga skráningu, varðveislu upplýsinga og miðlun þeirra
- Auka eftirfylgni með áætlunum og verkefnum
- Nýta samskiptamiðla eins og kostur er í starfi skólans
- Birta stöðu lykilmælikvarða skólans reglulega
- Viðhafa stöðuga þróun í markaðssetningu og kynningu á skólanum

Mannauður. HA ætlar að

- Leggja aukna áherslu á jafnræði og jafnrétti
- Ástunda faglega stjórnunarhætti

- Laða til sín hæft starfsfólk og tryggja markvisst ráðningar- og móttökufæri
- Styðja starfsfólk til að ná árangri og hvetja það til sí- og endurmenntunar
- Sjá til þess að starfsfólk hafi svigrúm til að finna jafnvægi milli starfs og einkalífs
- Bjóða upp á aukinn sveigjanleika við starfslok
- Nýta starfsmannasamtöl til að bæta umhverfi, aðbúnað og vellíðan starfsfólks

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki tekið afstöðu til ofangreindra markmiða skólans.

7. Samstarf, upplýsingagjöf, lykiltölur og aðgangsviðmið

7.1 Samstarf

HA mun vinna í góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að þróun náms og rannsókna við skólann. Eins og fram kemur í þjónustusamningi, verða tveir formlegir samráðsfundir árlega um starf og stefnu skólans. Að auki mun HA eiga óformleg samskipti við ráðuneytið og upplýsa jafnóðum um mikilsverða áfanga og þær breytingar sem áhrif hafa á starfið.

7.2. Upplýsingagjöf og lykiltölur

HA mun skila öllum þeim gögnum sem óskað er eftir í samningnum.

Við innra og ytra mat háskóla er m.a. byggt á tölulegum gögnum úr skránni hans sem gefa mynd af starfi og árangri skólans. Markmiðið er að fá sem gleggsta heildarmynd af háskólanum og hvernig hann þróast í samanburði við aðra háskóla.

HA mun skila reglulega yfirliti yfir lykiltölur til mennta- og menningarmálaráðuneytis og birta á heimasíðu sinni í samræmi við birtingaráætlun eigi síðar en um mitt árið á eftir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun jafnframt birta lykiltölur um háskólakerfið í heild.

Skilgreiningar og tímamörk lykiltalna eru í vinnslu og gert er ráð fyrir að á fyrsta formlega samráðsfundi aðila verði tekin ákvörðun um val þeirra, skilgreiningar ásamt birtingaráætlun. Í viðauka 5 eru drög að lykiltölum sem unnið verður út frá en meginþættir þeirra eru nemendur, starfsfólk, kennsla og rannsóknir, fjárhagur, svæðistenging og mikilvægi, virkni í þekkingaryfirfærslu og alþjóðlegar áherslur. Lykiltölurnar taka fullt tillit til lykiltalna *U-Map* verkefnisins *European classification of higher education institutions* – vefslóð: <http://www.u-map.eu/>

Loks mun HA skila inn frekari upplýsingum til ráðuneytisins er varða starf og árangur skólans, svo sem rannsókn- og kennsluskýrslur.

7.3 Aðgangsviðmið

Hver sá er lokið hefur stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða jafngildu prófi getur sótt um að skrá sig til náms við skólann gegn því að greiða skrásetningargjald. Háskólanum er þó lögum samkvæmt heimilt að leyfa innritun annarra nemenda að uppfylltum skilyrðum og að því gefnu að af hálfu fræðasviða sé enn fremur talið að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning nemenda til þess náms sem um ræðir. Háskólaráð setur að fenginni tillögu fræðasviða eftir því sem við á frekari reglur um þau viðmið. Rektor, eða forsetar fræðasviða í umboði hans, bera ábyrgð á innritun nemenda í skólann en inntaka nemenda er þó endanlega á valdsviði háskólaráðs sem getur einnig takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám eftir frekari reglum sem það kann að setja, sbr. áskilnað laga þar um. Háskólaráð skal að fengnum tillögum fræðasviða staðfesta reglur um skráningu nemenda á einstökum fræðasviðum þar sem kveðið er nánar á um inntökuskilyrði á viðkomandi fræðasviði.

Háskólinn skilgreinir og birtir lágmarkskröfur um aðgangsviðmið nemenda sem hefja nám á grunnstigi í einstökum deildum og/eða námsbrautum við skólann. Við framsetningu aðgangsviðmiða skal tekið mið af aðalnámsskrá framhaldsskóla frá 2011. Framsetning annarra aðgangsviðmiða verði unnin í samráði við ráðuneytið. Í viðauka 8.6 eru nánari upplýsingar um forsendur aðgangsviðmiða og hugmynd um innleiðinu þeirra.

Starfsmenn stefnumótunar- og þróunardeildar ráðuneytisins munu vera háskólanum til aðstoðar við vinnslu verkefnisins.

Ráðuneytið leggur áherslu á samfellu milli skólastiga. Samkvæmt nýrri aðalnámsskrá framhaldsskóla munu framhaldsskólar gera tillögur að uppbyggingu námsbrauta til stúdentsprófs. Eftir umsagnarferli eru þær staðfestar af ráðuneytinu og verða þá hluti af aðalnámsskrá. Ráðuneytið telur jafnframt mikilvægt að hægt verði að senda tillögur að námsbrautum til stúdentsprófs til umsagnar innan háskólastigsins.

7.4 Frjáls hugbúnaður

Háskólinn og ráðuneytið vinna í sameiningu að aukinni nýtingu frjáls hugbúnaðar í háskólastarfi í samræmi við stefnu stjórnvalda um frjálsan og opinn hugbúnað sem gefin var út í mars 2008. Háskólinn tekur saman notkun á frjálsum hugbúnaði og áætlun um aukna nýtingu slíks hugbúnaðar sem miðast við lítið rask á kennslu- og rannsóknarhlutverki háskólans. Ráðuneytið býður fram ráðgjöf varðandi frjálsan hugbúnað og nýtingu hans. Í viðauka 8.7 eru nánari upplýsingar um aukna nýtingu frjáls hugbúnaðar og hugmynd að verklagi.

Með frjálsum hugbúnaði er átt við hugbúnað sem veitir notendum hans frelsi til að nota hugbúnaðinn með þeim hætti sem notandinn kys, frelsi til að kynna sér hugbúnaðinn, læra af honum og aðlaga að eigin þörfum, frelsi til að dreifa hugbúnaðinum og frelsi til að bæta hugbúnaðinn og dreifa þeim breytingum aftur til samfélagsins. Í fimmta lið stefnu stjórnvalda um frjálsan og opinn hugbúnað segir að stuðlað skuli að því að nemendur í menntastofnunum landsins fái tækifæri til að kynnast og nota frjálsan hugbúnað til jafns við séreignarhugbúnað.

Ávinningur af nýtingu frjáls hugbúnaðar er mikill. Frjáls hugbúnaður dregur ekki einungis úr því hversu háður háskólinn er fáum aðilum og gerir skólann þar með sjálfstæðari og sveigjanlegri, heldur býður frjáls hugbúnaður upp á kennslumöguleika sem ekki eru fyrir hendi í séreignarhugbúnaði, svo sem að kynna sér innri virkni hugbúnaðarins og að taka virkari þátt í þróun hugbúnaðarins. Virkari þátttaka felur ekki aðeins í sér forritun heldur einnig aðra þætti svo sem þýðingu á hugbúnaðinum og betri aðgangi að þróunarteymi sem getur betur orðið við óskum notenda hugbúnaðarins. Með frelsinu til að dreifa hugbúnaðinum getur háskólinn jafnframt stuðlað að jöfnuði meðal nemenda skólans og starfsmanna þar sem sami hugbúnaður stendur öllum til boða. Fjárhagslegur ávinningur getur einnig orðið umtalsverður þar sem ekki er greitt fyrir hugbúnaðarleyfi og hægt er að auka samstarf og samnýtingu til að draga úr bæði notkunar- og þróunarkostnaði.

8. Viðaukar

8.1 Námsbrautir og prófgráður við HA

Hér er að finna allar þær námsbrautir og prófgráður sem eru í gangi á háskólastigi í HA árið 2011. Brautirnar og prófgráðurnar eru flokkaðar eftir deildum skólans.

Auðlindadeild

Diplóma í náttúru- og auðlindafræði
B.S. í líftækni
B.S. í sjávarútvegsfræði
B.S. í umhverfis- og orkufræði
M.R.M. í haf- og strandsvæðastjórnun
M.S. í auðlindafræði
M.S. í sjávarútvegsfræði

Félagsvísindadeild

B.A. í félagsvísindum
B.A. í fjölmiðlafræði
B.A. í samfélags- og hagþróunarfræði
B.A. í þjóðfélagsfræði
B.A. í sálfræði
B.A. í nútímafræði
M.A. í félagsvísindum

Lagadeild

B.A. í lögfræði
M.L. í lögfræði
Viðbótarpróf á meistarastigi í heimskautarétti
M.A. í heimskautarétti
LL.M. í heimskautarétti

Kennaradeild

B.Ed. í grunnskólakennarafræði

B.Ed. í leikskólakennarafræði

B.Ed. í kennarafræði

Nám til kennsluréttinda – kennarafræði framhaldsskóli

Nám til kennsluréttinda – meistaranám í kennarafræði grunnskóli

Nám til kennsluréttinda – meistaranám í kennara- og menntunarfræði framhaldsskóli

Kennslufræði til kennsluréttinda á meistarastigi

Viðbótarnám á meistarastigi í menntunarfræði

M.Ed. í kennarafræðum til kennsluréttinda

M.Ed. í menntunarfræði

M.A. í menntunarfræði

Hjúkrunarfræðideild

B.S. í hjúkrunarfræði

Iðjuþjálfunarfræðideild

B.S. í iðjuþjálfunarfræði

Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum

Viðbótarnám á meistarastigi í heilbrigðisvísindum

M.S. í heilbrigðisvísindum

Viðskiptadeild

B.S. í viðskiptafræði

M.S. í viðskiptafræði

8.2 Samstarfsskólar

HA er í samskiptum við fjölda háskóla um allan heim. Stærsti hluti þessara háskóla er í samstarfi um nemendaskipti en gildir samningar í þeim efnum eru nálægt 200. Ennfremur er nokkurt samstarf við erlenda háskóla er varðar starfsmannaheimsóknir, kennslu og rannsóknir. Stærstur hluti nemenda- og kennaraskipta er styrktur af *Erasmus* og *Nordplus* áætlunum.

8.3 Styrkur skólans í rannsóknum

Árskýrsla HA kemur út árlega og er þar gerð grein fyrir árlegri rannsóknarvirkni starfsmanna skólans. Árskýrslu hvers árs má finna á heimasíðu háskólans, [hér](#).

8.4 Styrkur skólans í kennslu

Í árskýrslu háskólans má einnig fá fram yfirlit yfir umfang kennslunnar, bæði hvað varðar staðarnám, fjarnám og lotunám. Skólinn hefur tekið forystu hér á landi um fjarnám og lotunám og býr að mikilli reynslu og sérhæfingu á því sviði. Hann er í samstarfi við um 25 fjarkennslumiðstöðvar vítt og breitt um landið.

8.5 Lykiltölur

I. Nemendur

1. Heildarfjöldi nemendaígilda á almanaksári
2. Heildarfjöldi nemenda á skólaárinu eftir
 - kyni
 - fagsviðum
 - námsstigum

- nýnemar eftir námsstigum
 - námshlutfalli/ umfangi náms
 - kennsluformi
 - þjóðerni
3. Fjöldi brautskráðra nemenda á skólaárinu eftir
 - kyni
 - aldri
 - fagsviðum
 - námsstigum
 4. Hlutföll
 - Inntökuhlutfall
 - Endurkomuhlutfall (skila sér á 2 námsár)
 - Hlutfall nemenda sem ekki hefur lokið tilsettri námsgráðu eftir ákveðinn tíma (áætlaður tími + 1 ár)
 - Hlutfall nemenda eldri en 30 ára

II. Starfsfólk

1. Heildarfjöldi ársverka alls starfsfólks á almanaksárinu
2. Heildarfjöldi akademískra starfsmanna eftir
 - kyni
 - aldri
 - menntun
 - stöðuheiti
 - starfshlutfalli
3. Annað
 - Fjöldi nemenda á akademíska starfsmenn
 - Skipting kennslu (fastráðnir/stundakennarar)

III. Kennsla og rannsóknir

1. Fjöldi viðurkenndra prófgráða í boði við skólann eftir
 - fagsviðum
 - námsstigum
2. Hlutfall útskrifaðra (af öllum stigum) af þrem námsleiðum: almennt nám, nám sem leiðir til starfsréttinda og aðrar starfsmiðaðar námsleiðir.
3. Fjöldi sameiginlegra prófgráða á árinu skipulagðar með
 - innlendum háskólastofnunum
 - erlendum háskólastofnunum
4. Heildarfjöldi birtinga fastráðinna starfsmanna í ritrýndum tímaritum/bókum á árinu eftir fagsviðum
5. Heildarfjöldi birtinga fastráðinna starfsmanna háskólans í ISI- tímaritum á árinu eftir fagsviðum
6. Fjöldi tilvitnana fastráðinna starfsmanna háskólans í ISI- tímaritum á árinu eftir fagsviðum
7. Fjöldi einkaleyfisumsókna og fenginna einkaleyfa á árinu
8. Fjöldi sprotafyrirtækja stofnuð á árinu
9. Fjöldi rannsóknafurða annarra en birtinga í ritrýndum tímaritum og fagtímaritum á akademískt stöðugildi
10. Allar útgáfur birtar í tímaritum, bókum og ritum sem beint er til faghópa og rekja má í gagnagrunnum til einstakra akademískra starfsmanna

IV. Fjárhagur

1. Heildartekjur háskólans á árinu:
 - Heildargreiðsla úr ríkissjóði

- Heildarupphæð annarra tekna:
 - Heildarupphæð skrásetningar- og skólagjalda (ekki endurmenntunarstarfsemi)
 - Heildarupphæð rannsóknarstyrkja úr innlendum rannsóknasjóðum
 - Heildarupphæð rannsóknastyrkja úr erlendum rannsóknasjóðum
 - Heildarupphæð tekna af annarri starfsemi
 - tekjur af endurmenntun
 - tekjur af þekkingartengdri starfsemi s.s. leyfisgjöld, samstarfs- og styrktarsamningar o.s.frv.
 - tekjur af eignum.
- 2. Heildarútgjöld háskólans á árinu til
 - kennslu
 - rannsókna
 - annars, s.s. stjórnáætlun, stöðþjónusta, húsnæðis

V. Svæðistenging

1. Fjöldi fyrsta árs nemenda í bakkalár námi (höfðatala) frá svæðinu sem hlutfall af heildarfjölda fyrsta árs bakkalárnemenda. Svæði ákvarðast af heimilisfangi nemanda.
2. Fjöldi nemenda sem útskrifaðist fyrir tveimur árum (viðmiðunarár - 2), sem starfa á svæðinu, sem hlutfall af heildarfjölda brautskráðra frá því fyrir tveimur árum síðan.
3. Heildartekjur af svæðisbundnum og staðbundnum uppruna (bæði opinberir aðilar og einkaaðilar), þ.m.t. allir styrkir, niðurgreiðslur, kennslu- og rannsóknasamningar í 1000 evrum, sem hlutfall af heildartekjum.

VI. Virkni í þekkingaryfirfærslu

1. Fjöldi opinberra sýninga, opinberra tónleika og sýninga, sem er eru skipulagðar af stofnun eða deild innan hennar, sem eru skráðar sem slíkar og eru aðgengilegar fyrir almenning, á 1000 akademísk stöðugildi.
2. Heildartekjur af einkaleyfasamningum, tekjur af rannsóknasamningum við einkaaðila og opinbera aðila, tekjur af höfundaréttindum og tekjur af endurmenntunarstarfsemi (Continuing professional development - CPD) sem hlutfall af heildartekjum.

VII. Alþjóðlegar áherslur

1. Fjöldi nýnema með erlent prófskírteini sem hlutfall af heildar innritun á námsbrautir skólans.
2. Tekjur af erlendum uppruna, þ.m.t. styrkir og samningar um kennslu og rannsóknir, bæði frá opinberum aðilum og einkaaðilum í 1000 evrum, sem hlutfall af heildartekjum.
3. Fjöldi innritaðra nemenda í erlendum nemendaskiptaáætlunum sem hlutfall af heildarfjölda nemenda.
4. Fjöldi erlendra akademískra starfsmanna (höfðatala) sem hlutfall af heildarfjölda akademískra starfsmanna (höfðatala). Erlendir akademískir starfsmenn eru akademískir starfsmenn með erlent ríkisfang sem starfa hjá stofnun eða starfa á grundvelli skiptiáætlana.
5. Fjöldi nemenda sem taka þátt í alþjóðlegum nemendaskiptaáætlunum sem hlutfall af heildarfjölda nemenda.

8.6 Innleiðing aðgangsviðmiða

Aðgangsviðmið einstakra deilda á háskólastigi eru mikilvægar upplýsingar fyrir framhaldsskóla við gerð námsbrauta og fyrir námsmenn við sérhæft námsval. Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 er kveðið á um sérstakar reglur um nám til stúdentsprófs og sérstök ákvæði sett fram um lágmarkseiningafjölda. Reglurnar lúta meðal annars að hæfnikröfum í kjarnagreinum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði en í viðauka 3 í námskránni eru birt hæfniviðmið þessara greina. Þar segir að stúdentspróf miði að því að undirbúa nemendur undir háskólanám hérlendis og erlendis. Námsstími til stúdentsprófs getur verið breytilegur milli námsbrauta og skóla en framlag nemenda skal þó aldrei vera minna en 200 framhaldsskólaineingar. Námslok til stúdentsprófs er í

öllum tilvikum skilgreint á hæfniprep þrjú. Inntak náms til stúdentsprófs er háð lokaviðmiðum námsbrautarinnar en fer einnig eftir því hvers konar undirbúning viðkomandi námsbraut veitir fyrir háskólanám. Uppistaða námsins getur því falið í sér bóknám, listnám eða starfsnám. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla skal lokið árið 2015. Mikilvægt er að virkt samráð eigi sér stað á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins, framhaldsskólanna og háskólanna um aðgangsviðmið.

Háskólinn mun skólaárið 2012/2013 velja sér a.m.k. eina deild og vinna skilgreiningu aðgangsviðmiða fyrir allar námsleiðir innan hennar. Háskólinn mun halda samráðs- og vinnufund með fulltrúum ráðuneytisins og framhaldsskólanna um aðgangsviðmiðin og gefa þeim tækifæri til að bregðast við framsetningu og inntaki. Háskólinn mun skólaárið 2013/2014 skilgreina aðgangsviðmið fyrir allar deildir skólans. Hann mun halda samráðs- og vinnufund með fulltrúum ráðuneytisins og framhaldsskólanna um aðgangsviðmiðin og gefa þeim tækifæri til að bregðast við framsetningu og inntaki þeirra. Háskólinn mun í síðasta lagi skólaárið 2014/2015 birta aðgangsviðmið allra námsleiða sinna. Gert er ráð fyrir að allir framhaldsskólar kenni samkvæmt nýrri námskrá haustið 2015.

Endurskoðun og viðhald:

Háskólinn endurskoðar og uppfærir aðgangsviðmið sín með reglubundnum hætti.

8.7 Nýting frjáls hugbúnaðar

Háskólinn notast nú þegar við frjálsan hugbúnað í daglegum rekstri. Sem dæmi má nefna námsumsjónarkerfið Moodle OG GNU/Linux stýrikerfið sem er notað á netþjónum. Auk þess nota allir þrír framhaldsskólarnir við Eyjafjörð, Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Tröllaskaga, eingöngu frjálsan hugbúnað innan veggja skólanna. Þessir þrír skólar hafa verið frumkvöðlar í nýtingu frjáls hugbúnaðar í skólastarfi á Íslandi. Skoða þarf möguleika háskólans til að nýta frjálsan hugbúnað á öðrum vettvangi. Til þess þarf að greina núverandi stöðu tölvuumhverfis og finna möguleg tækifæri til frekari nýtingar á frjálsum hugbúnaði í háskólanum. Þær upplýsingar nýtast svo í gerð áætlunar um hvernig skuli stuðlað að frekari nýtingu á frjálsum hugbúnaði í háskólanum. Mikilvægt er að fara ekki of geyst og valda sem minnstu raski á kjarnastarfsemi háskólans. Hægt er að nýta þekkingu og reynslu sem hefur myndast undanfarin ár í háskólanum, framhaldsskólum í nágrenni skólans og á Íslandi til að forðast vandamál sem upp geta komið og auka líkur á að frekari nýting frjáls hugbúnaðar sé öllum aðilum til hagsbóta.